

## Aðalfundur VR haldinn á Hilton Hótel Nordica, þriðjudaginn 10. apríl 2012

Þórður Breiðfjörð og Vignir Þór Stefánsson fluttu lag úr Vesalingunum í upphafi fundar.

Formaður félagsins, Stefán Einar Stefánsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá aðalfundar VR skv. 24 gr. félagslaga.

### 1. Kosning fundarstjóra

Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR

Þórður og Vignir Þór fluttu önnur tvö lög úr Vesalingunum.

### 2. Kosning ritara

Stefanía Magnúsdóttir, fyrrverandi varaformaður VR

### 3. Skýrsla um störf félagsins

Stefán Einar Stefánsson, formaður VR, flutti skýrslu stjórnar. Hann ræddi um kjarasamningagerð liðins árs og hvernig frekari hækkanir náðust vegna þráteflí atvinnurekenda sem fólst í því að blanda sjávarútvegsmálum inn í samningsgerðina. Sá gjörningur varð hins vegar til að bæta samningsstöðu okkar og niðustaðan varð að laun hækkuðu um 4,25% þann 1. júní s.l. og um 3,5% þann 1. febrúar s.l. Hann minnti á að enn eigi eftir að koma til framkvæmda ákvæði um hækkanir í byrjun næsta árs. Ekki er víst að samningarnir haldi á þeim tíma og raunar margt sem bendir til þess að svo verði ekki, einkum vegna brostinna forsendna er tengjast gjaldmiðismálum og verðbólgu. Aftur á móti munu þær hækkanir sem nú þegar hafa komið til ekki ganga til baka og eru því varanlegur áfangasigur fyrir launafólk. Ennfremur vék hann að loforði ríkisstjórnarinnar í sambandi við kjarasamningana um það að stéttarfélög fái það verkefni – að hluta til – að annast um atvinnulausa félagsmenn sína. VR mun taka að sér þetta verkefni sem er tilraunaverkefni til þriggja ára. Það er gert í samstarfi við félagið Starf ehf sem ASÍ og SA hafa stofnað. Verið er að ráða starfsmenn til þess að sinna ráðgjafarstörfum hjá VR. Vék formaður að 1. maí hátíðarhöldum og hvatti fólk til að taka þátt. Einnig hvatti formaður eldri félagsmenn VR að mæta til kaffisamsætis sem haldið er á vegum VR á uppstigningardag. Félagið stóð fyrir auglýsingarherferð vegna launamisréttis kynjanna s.l. haust en enn hefur ekki tekist að vinna bug á þeirri meinsemd í okkar samfélagi. Í tengslum við herferðina voru nokkur fyrirtæki sem gáfu konum 10% afslátt í nokkra daga. Fóru leikar þannig að tvær kærur bárust vegna þessa en reyndar var báðum vísað frá. Um 2500 borðar voru festir upp nálægt gatnamótum nærri höfuðstöðvum félagsins til að vekja athygli á hversu margir VR-ingar eru atvinnulausir. Vakti þetta mikla athygli og svo fór að auglýsingin vann til verðlauna á Ímark hátíðinni sem besta auglýsing í almannapágu utan fjölmiðla.

Í lok janúar kom út skýrsla úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða. VR, eitt stéttarfélag, skipaði ráðgjafarnefnd til að fara yfir skýrsluna, stjórn VR til halds og trausts.

Skipulagi VR hefir verið gjörbreytt til að gera þjónustuna enn öflugri. Ráðgjafar eru mikivægt haldreipi fyrir þá sem orðið hafa fyrir skakkaföllum í sambandi við starf sitt. Hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna og þakkaði þeim sem létu af stjórnarstörfum. Einnig voru starfsmönnum færðar þakkir fyrir störf sín svo og félagsmönnum öllum.

Formaðurinn leit fram á veg í ræðu sinni og sagði VR vel í stakk búið til að rísa undir hlutverki sínu í framtíðinni, það sé markmið allra að auka lífsgæði í samfélaginu og þar ætli VR að vera mótandi afl. Verkefnið sem við sinnum er sístætt og þeir hagsmunir sem VR er trúað fyrir eru miklir og í mörgum tilvikum ómetanlegir. Þeir sem stýrt hafa félaginu fram á þennan dag hafa borið gæfu til þess að sigla þessu stóra skipi af skynsemi og framhjá helstu blindskerjum. Auðvitað hefur gefið á bátinn á tímabilum og kannski má halda því fram að liðið starfsár hefði farið í að sigla skipinu stóra út úr miklu gjörningaveðri en sú sigling hefði heppnast vel.

Stefán sagði VR ætla að nýta þann meðbyr sem félagið fyndi fyrir nú til að vinna að framgangi þeirra hagsmunamála sem mestu varði. Atvinnustigið verði að hækka og böndum verði að koma á verðbólguna og að kaupmáttur launa taki að aukast meir en orðið er. Það hljóti að vera sameiginlegt markmið okkar allra, launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda að auka lífsgæði í þessu samfélagi, ekki aðeins fárra útvaldra heldur allra sem tilheyra íslensku samfélagi.

Að öðru leyti vísast til sérprentaðrar ársskýrslu félagsins.

#### 4. Reikningar félagsins

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri VR, fór yfir helstu stærðir í reikningum félagsins en þeir eru birtir í ársskýrslu félagsins.

Afkoma VR á árinu 2010 nam 588 milljónum króna samanborið við 661 milljón króna árið á undan. Rekstrartekjur umfram gjöld voru hins vegar ellefu milljónum króna hærrí en árið á undan og námu 156 milljónum króna. Fjármagnsliðir námu 432 milljónum króna sem er nokkuð lægra en árið á undan. Það telst þó viðunandi árangur að teknu tilliti til þeirra miklu sviptinga sem voru á fjármálamörkuðum á árinu. Heildariðgjöld hækka um tæplega 9% á milli ára sem rekja má að stærstum hluta til kjarsamningsbundinna launahækkanna og fjölgunar í félaginu. Rekstrargjöld hækka um 150 milljónir króna á milli ára og má einkum rekja skýringarnar til fjölgunar útgreiðslna úr sjóðum félagsins, einkum Sjúkrasjóðs og VR varasjóðs, en heildargreiðslur úr þessum tveimur sjóðum voru rúmlega 90 milljónum krónum hærrí árið 2011 en árið á undan. Heildargreiðslur úr varasjóði á árinu 2011 voru 16% hærrí en árið 2010 og rúmlega 8% fleiri félagsmenn fengu greidda styrki úr sjóðnum. Hátt í tólf þúsund félagsmenn fengu greitt úr VR varasjóði á árinu sem er það mesta frá stofnun hans.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins en benti á að fyrir liggja tillaga stjórnar um framlag í varasjóð upp á kr. 479.497.132,- Til viðbótar framlaginu er aukaframlag vegna ársins 2011 að upphæð kr. 11.077.452 sem verður borin upp eftir umræður.

Rannveig Sigurðardóttir þakkaði frábærlega vel fluttar skýrslur. Hún spyr vegna varasjóðsins hvort önnur stéttarfélag taki skatt af styrkjum. Einnig velti hún því upp hvort VR ætti að fara aftur til baka í styrkjakerfið. Hún sagðist hafa tekið þátt í stefnumótunarvinnu með fyrrverandi stjórn og formanni en aldrei séð neitt vegna þeirrar vinnu né heyrt um kostnað vegna þess. Hún vill nánari skýringar á skipulagsbreytingum félagsins.

Guðmundur Ingi Kristinsson spurði hvort samtrygging sé milli atvinnurekenda, ríkisstjórnar og stéttarféлага um að gefa upp styrki úr varasjóði. Hann ræddi einnig óréttlætið í sambandi við það hvort bætur kæmu frá tryggingastofnun eða lífeyrissjóðum vegna húsaleigubóta.

Ragnar Þór Ingólfsson svaraði spurnigum Guðmundar Inga en hann sagði nefnd á vegum velferðar-ráðuneytis sem væri að fara yfir tryggingarkerfið og þetta með krónu a móti krónu. Það væri þörf vinna sem hann tæki þátt í.

Hildur Mósesdóttir skýrði frá því að hún hefði ekki undirritað ársreikninginn í fyrra nema með fyrirvara vegna þessað hún fékk ekki svör við spurningum sínum um kostnað vegna ráðgjafar fyrrum formanns. Samþykktar hefðu verið 2 og ½ milljón til verkefni sem hefði farið yfir 10 milljónir og var ekki nothæft. Full ástæða fyrir stjórn að hafa aðhald með rekstri.

Helga Árnadóttir svaraði að VR varasjóður væri söfnunarsjóður sem í væri lagt hlutfall af gjöldum sem greidd eru til sjóðanna vegna félagsmanna. Hún veit ekki hvort önnur stéttarfélag gefa styrki upp til skatts. Stjórn VR hélt stefnumótunarfund vegna sjóðanna fyrir nokkrum vikum. Kostnaður fyrir ráðgjöf árið 2010 fór í allt í 12 milljónir en í fyrra fóru 6 milljónir í sama málaflokk.

Stefán Einar þakkaði fyrirspurnir og sagði svo gott samstarf innan stjórnar að tveir stjórnarmenn hefðu svarað fyrirspurnum sem beint var til hans. Svíðin voru fimm hjá VR en eru nú þrjú, þ.e. rekstrarsvið, þróunarsvið – þar sem starfsmannamál, vonandi hagfræðingur, markaðsmál og PR mál verða ráðandi og þjónustusvið sem skiptist í ráðgjafarsvið og þjónustusvið. Landslag hefur breyst og því þörf að samþætta fleiri þætti. Félaðið er félag launafólks en var opnað á þann rétt að f

Élagsmenn gætu greitt af bótum og haldið með því vissum réttindum. Hann tekur undir með Hildi að það sé verk stjórnar að sýna aðhald í rekstri.

Fundarstjóri bar þá upp eftirfarandi tillögu um framlag í VR varasjóð:

Aðalfundur VR, sem haldinn er að Hilton Hótel Nordica, 10. apríl 2012 samþykkir að leggja kr. 479.497.132.- í varasjóð fyrir árið 2012. Til viðbótar er lagt til viðbótarframlag kr.11.077.452.- vegna ársins 2010. Framlagið er fært í ársreikningi sem tekjur hjá VR varasjóði og til lækunar á iðgjöldum í orlofs- og sjúkrasjóði

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar þá upp reikninga félagsins fyrir árið 2011 til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

## 5. Skýrsla um Lífeyrissjóð verzlunarmanna

Tómas Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, skýrði reikninga og afkomu liðins árs. Benti hann félagsmönnum á nýjung á vef sjóðsins sem ber heitið: Yfirsýn.

Nafnávöxtun sjóðsins var 8.2% á síðasta ári sem svarar til 2.8% raunávöxtunar. Útgreiðslur sjóðsins jafnast á við launagreiðslur stærstu fyrirtækja landsins. Stöðugildi eru nú 31. 7000 fyrirtæki greiða til sjóðsins vegna 40 þúsund sjóðfélaga. Eignir til greiðslu lífeyris námu 345.5 milljörðum króna í árslok 2011 samanborið við 310 milljarða árið áður.

Að öðru leyti vísast til sérprentaðrar skýrslu Lífeyrissjóðsins.

## 6. Lagabreytingar

Fundarstjóri Guðmundur B. Ólafsson lögmaður VR kynnti tillögur laganeftdar um breytingu á lögum félagsins fyrir hönd laganeftdar og fór yfir helstu atriði og hvers vegna þessar breytingar væru lagðar fram.

Tillögur eru merktar með rauðu í fundargerð

### Breyting nr. 1

3.gr. 2.mgr.

"Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða starfa sem einyrkjar á vinnumarkaði."

Verði:

3.gr. 2.mgr.

"Félagar geta þeir orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launþegar eða **eru sjálfstætt starfandi** á vinnumarkaði."

### Breyting nr. 2

3.gr. 7.mgr.

"Einyrkjar á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Einyrki telst sá sem starfar einn og hefur ekki aðra menn í vinnu."

Verði:

3.gr. 7. mgr.

**Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu.**

**Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.**

### Breyting nr. 3

4.gr. 1.mgr.

"Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef fjarvera úr félaginu varir eigi lengur en 24 mánuði samfellt."

Verði:

4.gr. 1mgr.

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagsmaður. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar **ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.**

### Breyting nr. 4

4.gr. 2.mgr.

"Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og einyrkjum sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað."

Verði:

4.gr. 2.mgr.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og **sjálfstætt starfandi** sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

### Breyting nr. 5

15.gr. 1.mgr.

"Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarinnar. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir."

Verði:

15.gr. 1.mgr.

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess **og landssvæðum**. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/atvinnugreinarinnar. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til

ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

### **Breyting nr. 6**

18.gr. 1.mgr., 1.tl.

"Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

1. Um kosningu stjórnar og reikninga og trúnaðarráðs."

Verði:

18.gr. 1.mgr., 1.tl.

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

1. Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.

(orðin "og reikninga" falla brott)

### **Breyting nr. 7**

23.gr. 1.mgr.

"Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum borgarinnar með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins."

Verði:

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

(orðið "borgarinnar" fellur brott)

### **Breyting nr. 8**

24.gr. 1.mgr. 5.tl.

"Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Skýrsla um Lífeyrissjóð verzlunarmanna.
6. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
7. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
9. Ákvörðun félagsgjalds. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál."

Verði:

24.gr. 1.mgr. 5.tl.

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.

4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
8. Ákvörðun félagsgjalds. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
9. Önnur mál.

(5. tl. falli brott, "**Skýrsla um Lífeyrissjóð verzlunarmanna**", og **númer** annara tölulíða breytast samkv. því frá og með **5.tl.**)

### **Breyting nr. 9**

26.gr. 1.mgr.  
"Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Fræðslusjóð og Vinnudeilusjóð."

Verður:  
26.gr. 1.mgr.  
Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, **Varasjóð** og Vinnudeilusjóð

(orðið "**Fræðslusjóð**" fellur brott og í staðinn kemur orðið "**Varasjóð**")

Orðið gefið laust um lagabreytingarnar.

Rannveig Sigurðardóttir sagðist hafa á tilfinningunni að hún væri komin aftur til ársins 2002 en það ár í febrúar gátu ein yrkjar gengið í félagið. Hún er enn jafn óánægð með að hafa sjálfstætt starfandi innan félags launamanna. Hún segist ekki tilbúin að borga sjúkrasjóð fyrir sjálfstætt starfandi. Rannveig leggur til breytingartillögu við grein 3 sem er galopin:

Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds **en njóta ekki gjörgengis í félaginu.**

Fríður Birna Stefánsdóttir sagðist hafa snöggreiðst þegar hún hlustaði á það að sjálfstætt starfandi gætu ekki verið félagsmenn í VR. Landslagið væri breytt og fólk hefði oft ekki aðra möguleika en vera sjálfstætt starfandi.

Guðmundur Ingi Kristinsson spyr hvort öryrkjum verði bannað að gefa kost á sér til stjórnar. Hann sagðist ekki sjá neina hættu í því að öryrkjar sætu í stjórn og settu fram önnur sjónarmið þar sem 14 manns sætu fyrir.

Guðrún Erlingsdóttir vill bæta orðinu landssvæðum í 5.grein á tvo aðra staði vegna starfsemi deildanna. Breytingatillagan er á þessa leið:

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum/atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsmanna í starfsgreinum/atvinnugreinum **og landssvæðum**, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinar/ atvinnugreinarinnar **og landssvæðin**. Stjórn deildar er kosin á deildarfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki 3 mönnum, sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan starfsgreinarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

Ragnar Þór Ingólfsson er tvístígandi vegna breytingarinnar um umfjöllun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skv. 5. tölulið í dagskrá aðalfundar skv. 24.grein laga VR. Hann bað fundarmenn að hugsa það mál gaumgæilega.

Stefán Einar Stefánsson getur tekið undir tillögur Rannveigar og finnst ekki fordómar liggja í þeim. VR og ASÍ hafi sýnt það í verki að hugsað sé um hagsmuni öryrkja. Varðandi skýrslu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þá finnst honum það barn síns tíma að vera með umfjöllun á aðalfundi VR. Ársfundur Lv sé til þess að fjalla um málefni hans.

Eyrún Ingadóttir fagnar tillögu Rannveigar Þetta sé til samræmis við eldri félagsmenn. Þeir sitji ekki í stjórn félagsins en njóta áfram ákveðinna friðinda í félaginu. Hún tekur undir orð formanns í sambandi við skýrslu Lv. á aðalfundi VR en hefur vissulega áhyggjur hvert stefni með lífeyrissjóðina. Hún segist jafnframt binda miklar vonir við nefnd velferðarráðuneytis og vinnu hennar í sambandi við endurskoðun tryggingakerfis landsmanna.

Guðmundur Ingi Kristinsson bendir á að þeir sem sitja í stjórn í dag geti orðið öryrkjar á morgun og spyr hvort þeir séu tilbúnir að láta sparka sér út. Það er ekki hægt að gerast meðlimur í Öryrkjabandalaginu – fyrst verði að skilgreina öryrkjann sem blindan, heyrnarlausan eða tilheyra hópi lamaðra og fatlaðra, svo dæmi sé tekið og vera í einhverju þeirra félaga sem þeir tilheyra.

Birgir Már Guðmundsson tekur undir orð Rannveigar. Auðvitað getur það komið fyrir okkur öll að lenda í örorku en það breytir því ekki að VR er félag launamanna á vinnumarkaði.

Fríður Birna Stefánsdóttir segir mikið um að sérfræðingar séu ráðnir í fyrirtæki sem sjálfstætt starfandi. Hún hefur alltaf valið að vera launamaður en hefur neyðst til að taka að sér störf sem sjálfstætt starfandi. Hún vill skoða breytt landslag og sjá kannanir þar að lútandi því línur séu alls ekki skýrar í dag.

Ragnar Þór Ingólfsson segist enn tvístígandi og veltir fyrir sér þessum dagskrárlið í dagskrá aðalfundar sem snýr að skýrslu Lv. vegna þess að spurningum hans er ekki svarað á ársfundi Lv. Hann spyr hvort ekki eigi að bæta inn í 23.grein um boðun aðalfundar VR að boða eigi aðalfundinn með tölvupósti.

Guðmundur Ingi Kristinsson segist viss um að lagabreyting sú sem Rannveig sé með hafi ekki verið kynnt í trúnaðarráði félagsins eins og eigi að gera og hafi ekki legið fyrir 7 dögum fyrir aðalfund. Lagabreytingin sé því ekki gild.

Rannveig Sigurðardóttir sagðist ekki vera með neina tillögu varðandi breytingar á einryrkjum en bað fundarmenn að hugsa þessi mál. Hún benti á að breytingartilagan sem hún væri með væri fullkomlega lögleg þar sem greinin væri opin eins og fundarstjóri hefði réttilega bent á.

Fundarstjóri stjórnaði því næst atkvæðagreiðslu um lagabreytingarnar.

Fyrsta breyting var samþykkt samhljóða.

Breytingatillaga Rannveigar Sigurðardóttur var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Önnur breytingatillaga var samþykkt samhljóða.

Þriðja breytingatillaga var samþykkt samhljóða.

Fjórdá breytingatillaga var samþykkt samhljóða.

Fimmta breytingatillaga með breytingu Guðrúnar Erlingsdóttur var samþykkt samhljæðá.

Sjötta breytingatillaga var samþykkt samhljóða.

Sjöunda breytingatillagan var samþykkt samhljóða.

Áttunda breytingatillagan var samþykkt með þorra atkvæða.

Níunda breytingatillagan var samþykkt samhljóða.

Öll lögín voru síðan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kynnti drög að breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR:

### **Breyting nr. 1**

„9.gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR  
Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.5, 10.2 og 10.3.“

Verður:

9.gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR  
Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þeir sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.3, 9.5, 10.2 og 10.3.

### **Breyting nr. 2**

9.3 gr. "a) Réttindi skapast ekki í Sjúkrasjóði VR með greiðslum af atvinnuleysisbótum nema hjá þeim, sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur."

Verður:

9.3

a) **Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum, eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Hafi félagsmaður fengið heimild til að greiða iðgjöld til félagsins af atvinnuleysisbótum, þrátt fyrir að hafa ekki verið félagi í VR þegar hann missti vinnu, skulu réttindi vegna hans í Sjúkrasjóði VR þó skapast eftir að iðgjöld af atvinnuleysisbótum hafa verið greidd í samfellt 9 mánuði.**

Orðið gefið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri bar upp breytinguna til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

## **6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs**

Stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í kosningum 2012

Fríður Birna Stefánsdóttir  
Benóný Valur Jakobsson  
Jóhanna S. Rúnarsdóttir  
Sigurður Sigfússon  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Ólafía Ása Jóhannesdóttir

Varamenn í stjórn, kosnir til eins árs í kosningum 2012

Óskar Kristjánsson  
Hildur Mósesdóttir  
Jón Magnússon

Trúnaðarráð VR kosið til tveggja ára í kosningum 2012

Aðalheiður Óladóttir  
Alda Særún Guðbjörnsdóttir  
Alexander Þórsson  
Benedikt Geirsson



Berglind R. Guðmundsdóttir  
Bjarki Steingrímsson  
Bjarni Knútsson  
Björn M. Sigurjónsson  
Eldar Ástþórsson  
Elías Magnússon  
Guðjón Steinarsson  
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir  
Guðrún Þórsdóttir  
Hafdís Bára Bjarnadóttir  
Hafdís Erla Kristjánsdóttir  
Hafsteinn Hafsteinsson  
Harpa Sævarsdóttir  
Helga Bryndís Jónsdóttir  
Hörður Birgisson  
Íris Margrét Þráinsdóttir  
Jóhann Óskar Þórólfsson  
Linda Björk Hávarðardóttir  
Magnea Jenný Guðmundar  
Magnús Þorsteinsson  
Ólafur H. Traustason  
Óskar Guðmundsson  
Ragna Karen Sigurðardóttir  
Ragnar Borgþórsson  
Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir  
Sigmundur Halldórsson  
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir  
Sigrún Viðarsdóttir  
Sigurbjörg Jónsdóttir  
Snjólaug Einarsdóttir  
Sverrir Benónýsson  
Trausti Guðmundsson  
Unnur Elva Arnardóttir  
Viðar Kristinsson  
Þorgerður Jóhannsdóttir  
Þóra Skúladóttir  
Þórður Mar Sigurðsson

## 7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu

Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Hótel Nordica, þriðjudaginn 10. apríl 2012, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins.

Fundarstjóri spurði hvort aðrar tillögur væru en enginn bað um orðið. Hann bar þá upp tillöguna sem var samþykkt samhljóða.

## 8. Ákvörðun félagsgjalds. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.

Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Hótel Nordica, þriðjudaginn 10. apríl 2012, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma

Orðið var gefið laust um þessa tillögu en enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Birgir Már Guðmundsson, formaður launanefndar, bar upp tillögu launanefndar um að stjórnarlaun skuli vera 40.000 kr á mánuði en laun varamanna 20.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund. Þetta er hækkun um 4.2% fyrir stjórnarmenn en breyting á launum varamanna þar sem einungis verði greitt fyrir þá fundi sem þeir sitja. Birgir sagði að e.t.v. hefði átt að líta til hækkandi bensínverðs þar sem kostnaður við akstur til og frá fundarstað vegur þungt hjá stjórnarmönnum enda hefur bensínverð

hækkað um 18% á ári síðustu ár og sér ekki enn fyrir endann á. Þessi hækkun stjórnarlauna sé því hófstíllt en ekki var tekið tillit til eldsneytiskostnaðar.

Orðið var gefið laust og Rannveig Sigurðardóttir spurði hvort hugsað hefði verið fyrir því að svo virtist sem einn varamaður hefði setið allt árið í stjórn og annar verið í veikindafríi næstum allt árið. Hún sagðist ekki vorkenna stjórnarmönnum að mæta á fundi á hjóli eða fara í strætó.

Rannveigu var svarað að tekið hefði verið tillit til þess er hún spurði um.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt með meirihluta en þrír voru á móti.

## 9. Önnur mál

Guðmundur Ingi Kristinsson óskar eftir styrk frá VR til að geta sótt mál gegn VÍS sem mun fyrnast 27. apríl ef hann getur ekki fjármagnað málsókn. Hann er með málið hjá umboðsmanni Alþingis en hefur fimm sinnum verið neitað um gjafsókn.

Hreinn Sigmarsson er í trúnaðarráði og finnst hlutverk þess illa skilgreint í lögum félagsins. Um það er einungis sagt, að það eigi að vera ráðgefandi fyrir stjórn fyrir utan fjöldann sem þar skal sitja. Eftir jólafund trúnaðarráðsins var myndaður hópur inni á Facebook en þar eru aðeins 19 meðlimir og hvetur hann trúnaðarráðsmenn til að koma í hópinn því þar fara fram gagnlega umræður. Hann beinir því til stjórnar að ræða hlutverk ráðsins af alvöru.

Petrína Ragna Pétursdóttir spyr hvað hafi orðið um starfsmenntasjóðinn og fræðslusjóðinn.

Rannveig Sigurðardóttir hefur áhyggjur af afgreiðslufólk í verslunum og söluturnum. Þau taka ekki þátt í launakönnunum. Leggur til að þetta fólk verði sett í gjörgæslu hjá félaginu, því sinnt sérstaklega með fræðslu og hvatningu. Það finnur ekki að VR sé neitt að vinna fyrir það þótt við vitum að VR er á fullu í vinnu.

Ragnar Þór Ingólfsson leggur spurningu fyrir Tómas N. Möller um það hvar hann geti vænst þess að fá svör við spurningum sínum þar sem hann fékk ekki svör við spurningum á ársfundi lífeyrissjóðsins.

Stefanía Magnúsdóttir svaraði Petrínu og sagði starfsmenntasjóðinn ekki einn af sjóðum VR heldur væri hann sameign VR, annarra verslunarmanna um allt land og Samtaka atvinnulífsins. VR hefði greitt 10 milljónir úr fræðslusjóði í starfsmenntasjóðinn við stofnun hans.

Fríður Birna Stefánsdóttir tekur undir með Rannveigu með afgreiðslufólk því þetta er gífurlega alvarlegt mál. Mikið gert í því að misbjóða afgreiðslufólki.

Tómas N. Möller svaraði Ragnari og sagði að vettvangurinn væri ársfundur lífeyrissjóðsins undir liðnum önnur mál. Þar væru forsvarsmenn sjóðsins til svara.

Eyrún Ingadóttir á sér draum og vill á næsta ári fara í vinnu við að hvetja þá sem minnsta menntun hafi innan VR til að fara á námskeið eða fara í raunfærnimat til að gera það hæfara.

Stefán Einar Stefánsson fór yfir þær fyrirspurnir og athugasemdir sem fram hafa komið. Svar til Guðmundar Inga er það að einu skiptin sem félagið afhendir gögn til tryggingarféлага er ef félagsmaður hefur sjálfur samþykkt umboð með undirritun sinni. Það er gert lögum samkvæmt og fyllstu varúðar gætt. Hann ráðleggur GIK að koma á skrifstofuna á morgun og sækja um styrk samkvæmt reglum félagsins. Sú styrkbeiðni yrði síðan tekin fyrir á maifundi stjórnar að öllu óbreyttu. Við tilmælingu Hreins – það liggur fyrir tillaga frá fráfarandi stjórn til þeirrar sem nú tekur við að fara nákvæmlega yfir lögini eftir sérstakri aðferðafræði. Þá gefst tækifæri til að fara yfir hlutverk trúnaðarráðsins og skerpa á því ef vilji er fyrir því. Þessi tilmæli eru tekin til greina. Hann lofar að verða duglegri á Facebook líka. Hvaðk varðar brýningu Rannveigar og fleiri varðandi afgreiðslufólk þá er það ljóst að lítil þátttaka þeirra í launakönnuninni gerir hana ekki ómarktæka því það er viðhöfð strafsgreinaskipting. Hann tekur ekki undir að ekkert sé verið að gera fyrir afgreiðslufólk því kjarasamningar ná einnig til þeirra auk þess sem kjaramáladeildin, starfsendurhæfingin og fleira nær einnig til þeirra en betur má ef duga skal. Hann hlakkar til að fara í vinnu með Eyrúnu og fleirum í



starfsmenntamálum og vonast til að nýr aðili á þróunarsviði sem stýra á starfsmenntamálum blási krafti í það starf. Þá þakkaði hann góðan fund.

Fundarstjóri sleit síðan fundi klukkan 22:50.

Fundargerð ritaði Stefanía Magnúsdóttir